



Barbara
Cartland

Ást að láni



Barbara
Cartland

Ást að láni

155

 **SAGA**
EGMONT

Barbara Cartland

Ást að láni

(Hin eilífa sería Barböru Cartland 3)

SAGA Egmont

Ást að láni (Hin eilífa sería Barböru Cartland 3)

Translated by Skúli Jensson

Original title: *Looking For Love*

Original language: English

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1982, 2021 Barbara Cartland and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726707175

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

www.sagaegmont.com

Saga Egmont - a part of Egmont, www.egmont.com

Fyrsti kafli

1803

— Eruð þér viss um að þér getið bjargað yður, ungfrú Gilda?

— Auðvitað, frú Hewlett. Þér skuluð ekki vera að hugsa um mig og ég vona, að þér njótið brúðkaupsins.

— Það er ég viss um, ungfrú. Það er sannarlega gott fyrir Emily. Hún hélt, að hún yrði gömul piparmey, en þá kemur þessi bóndi, og hann er líka indæll ungur maður.

Gilda brosti, því að hún vissi að frú Hewlett hafði óttast að hún myndi verða að sjá fyrir frænku sinni. Þess vegna var hún þakklát, bæði vegna sjálfrar sin og Emily, að bóndinn vildi giftast henni.

Frú Hewlett var ein af þeim, sem alltaf gerði sér áhyggjur af öllu og Gilda hugsaði oft, að hún væri sú eina, sem raunverulega hugsaði um, hvað yrði um Gildu, nú þegar hún var orðin ein, eftir dauða föður hennar.

— Þér skuluð bara láta uppþvottinn bíða þangað til ég kem aftur á mánudaginn, sagði frú Hewlett. — Þér skuluð bara hvíla yður.

Ég er lengi búin að því, hugsaði Gilda, og sá uppþvottur, sem verður eftir lítilfjörlegar máltíðir mínar, verður ekki neitt stórkostlegur, jafnvel þó að hún léti hann bíða eftir frú Hewlett.

En hún vissi að þýðingarlaust var að vera með mótmæli. Þá myndi frú Hewlett aðeins hafa enn meiri áhyggjur af henni, meðan hún færi til næsta þorps til að vera við brúðkaup Emily.

Eftir að frú Hewlett hafði með erfiðismunum troðið sér í þykka kápu sína, sem hún klæddist þótt hlýtt væri í veðri, tók hún tágakörfu sína, sem hún bar alltaf með sér, hvort sem eitthvað var í henni eða ekki. Eftir að hafa litið enn einu sinni í kringum sig í eldhúsinu, opnaði hún dyrnar.

— Gætið yðar nú vel, ungfrú, áminnti hún. — Ég kem aftur síðdegis á mánudag, ef áætlunarvagninn verður á réttum tíma, sem hann verður vist ekki.

Gilda andvarpaði, þegar dyrnar lokuðust að baki henni. Hún gekk út úr eldhúsinu og eftir ganginum að framhlið hússins.

Það var ekki langt, því að litla býlið, þar sem hún hafði átt heima, síðan hún fæddist, hafði einu sinni ekki virzt stærra en svo, að það gæti aðeins rúmað föður hennar og móður, systur hennar og hana sjálfa.

Nú virtist það alltof stórt fyrir eina manneskju og eins og hún hafði margsinnis gert frá því að faðir hennar dó, velti hún því fyrir sér, hvort hún ætti að selja húsið og flytja í lítið smáhýsi.

Það væri auðvitað skynsamlegast, hugsaði hún. En hún gat ekki fengið sig til þess að láta frá sér húsgögnin, enda þótt þau væru slitin, því að hún hafði þekkt þau alla ævi. Þau voru eins og hluti af henni og voru það eina, sem hún átti.

Skrifborð föður hennar, innlagt vinnuborð móður hennar og Chippendalebókaskápurinn voru öll eins og gamlir vinir, og henni fannst að án þeirra myndi hún verða enn meira einmana en hún var nú þegar.

En hún varð líka að horfast í augu við staðreyndirnar. Hún hafði svo lítið milli handanna að hún hafði naumast efni á að kaupa í matinn, nema hún gæti bætt litlar tekjur sínar á einhvern hátt.

Eftirlaun föður hennar höfðu fallið niður, þegar hann dó. Hann hafði verið í Garderhersveitinni, og meðan hann lifði

höfðu eftirlaun hans sem generalmajór nægt til að lifa þægilegu lífi. Eða hefðu gert það, ef faðir hennar hefði ekki gamnað sér við það í ellinni að fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum.

Gilda gat vel skilið spennuna í sambandi við það, en þó að hershöfðinginn hefði að vísu verið reyndur hermaður, þekkti hann ekkert til fjármálaviðskipta.

Félögin eða fyrirtækin, sem hann lagði fé sitt í, ýmist fóru á hausinn eða gáfu svo lítinn arð, að það var ekki pappírsins virði sem það var skrifað á.

Nú hafði Gilda aðeins til umráða smáupphæð, sem móðir hennar hafði átt og lagt til hliðar handa börnunum.

Eftir að Heloise fluttist til London til ríkrar guðmóður sinnar, hafði hún lítinn áhuga haft á fátækum ættingjum sínum og stundum hafði Gilda hugsað, að hún skammaðist sin fyrir þau.

Gilda sat við skrifborð föður síns og opnaði skrifbók, þar sem hún reyndi að skrifa öll útgjöld sín.

Henni fannst það vera ónotalega há upphæð, þrátt fyrir það að hún reyndi að spara mat, föt og allar sínar persónulegu þarfir.

Eitt af því, sem hún hafði velt fyrir sér að spara, voru laun frú Hewlett, en þegar hún hafði minnzt á það við frú Hewlett, hafði konan orðið skelfingu lostin og nánast móðguð, og hafði jafnvel boðizt til að vinna kauplaust.

— Ég hefi verið hér í næstum tíu ár, sagði hún. — Og ef þér haldið, að þér getið bjargað yður án mín núna, ungfrú Gilda, þá er það misskilningur. Þar að auki myndi elsku móðir yðar snúa sér við í gröfinni, bara ef þér hugsuðuð um slíkt.

Frú Hewlett hafði orðið svo mælsk um málið, að Gildu hafði fundizt óhugsandi að ræða það frekar, og hún varð líka að viðurkenna, að án hins óhagganlega góða skaps frú Hewlett myndi hún verða enn meira einmana.

Þá myndi hún ekki hafa aðra að tala við en prestinn, sem var því nær heyrnarlaus, en hann kom stöku sinnum í heimsókn, og svo gamla garðyrkjumanninn, Gibbs.

Hann var fyrir löngu orðinn of gamall til að vinna, en hann kom af því að hann hafði ánægju af því að röltu um þar sem hann hafði unnið og hann þoldi ekki að sjá handaverk sín hverfa í illgresi eða vafningsvið.

Gilda taldi, hve miklu hún hafði eytt og sá að það var alltof mikið. Það var enginn misreikningur.

— Hvað get ég gert? hugsaði hún.

Hún hugsaði, hvort hún hefði einhverja hæfileika, sem hún gæti nýtt til að vinna sér inn peninga. Hún var vel menntuð í samanburði við margar ungar konur á hennar aldri. Móðir hennar hafði séð um það. Hún var ættuð frá Kornwall og fjölskyldan hafði í marga ættliði gegnt þar mikilvægum embættum.

Sú staðreynd að afi hennar, langafi og aðrir forfeður höfðu verið héraðslögreglustjórar, dómáramur og fulltrúar konungsins, jók ekki verðmæti gáfna hennar og menntunar, hugsaði hún.

Faðir hennar hafði einnig verið gáfaður. Jafnaldrar hans, sem höfðu heimsótt hann meðan hann lifði, höfðu alltaf sagt Gildu að enginn hershöfðingi hefði verið jafn snjall að staðsetja hersveitir sínar.

— Því mátti alltaf treysta, að föður þínum tækist að vinna óvinunum sem mest tjón með sem minnstu tapi fyrir hann sjálfan, hafði einn starfsbróðir hans sagt.

Henni var ljóst, að það var virðulegt hrós, en ekki leysti það vanda hennar núna.

Ég neyðist til að gera eitthvað ... ég verð, hugsaði hún, stóð upp frá skrifborðinu og gekk út að glugganum.

Húsið stóð dálítinn spöl frá héraðsveginum, en eftir honum var hálfur annar kílómetri til þorpsins. Stutt

heimreið var að hliði, sem verulega þarfnaðist viðgerðar og heimreiðin sjálf þakin illgresi.

En Gilda sá aðeins páskaliljurnar undir eldgömlu trjánum. Þær voru að því komnar að opnast, rauðar og hvítar, og fyrstu knúpparnir sáust á möndlutrénu, sem í næstu viku myndi verða eins og ljóð af ljósrauðum og hvítum krónublöðum.

Bara að ég gæti málað, hugsaði Gilda. Þá gæti ég málað myndir, sem allir vildu kaupa.

En hún vissi, að hún hafði hvorki efni á lérefti né litum, svo að það var aðeins hún sjálf, sem gat notið kraftaverks vorsins.

Það var eins og sólskinið kallaði á hana, svo að henni fannst að reikningarnir mættu bíða. Henni myndi líða betur að fara út í garðinn.

Það var margt, sem hún gæti gert þar, ekki aðeins meðal blóma og runna, heldur einnig í matjurtagarðinum. Ef hún ekki sáði og hreinsaði, myndi hún svelta síðar á árinu.

Um leið ætlaði hún að líta betur á hvítu liljurnar, sem móðir hennar hafði alltaf elskað og dreifðu ilmi sínum um allt húsið, þegar hún tók þær inn.

Bros lék um varir hennar, þegar hún ætlaði að snúa frá glugganum. En um leið leit hún niður að hliðinu og stanzaði snögglega.

Henni til undrunar komu tveir fallegir hestar inn um hliðið. Því næst sá hún að ekillinn var með háan, skreyttan hatt, og þótt ótrúlegt væri, sat þjónn við hlið hans.

Það var ekki sérlega sennilegt að nokkur úr þessum landshluta, sem var nógu tigginn til að hafa þjón, kæmi í heimsókn, og þegar hestarnir komu nær, gerði Gilda ráð fyrir að þetta væri misskilningur.

Þegar þeir komu enn nær, sá hún að þeir drógu afar glæsilegan vagn með skjaldarmerki málað á dyrnar.

Þetta er misskilningur, hugsaði Gilda. Ég verð að segja þeim það.

Þegar vagninn var að koma að dyrunum, hljóp hún út úr dagstofunni og strauk yfir hárið á leiðinni. Henni var ljóst, að hún var klædd einum af elztu bómullarkjólum sínum, sem hafði verið þveginn svo oft, að hann var upplitaður og hann var bæði of þröngur og stuttur.

En það skipti ekki máli, þar eð þetta gat ekki verið heimsókn til hennar og þegar hún heyrði í dyrahamrinum, opnaði hún strax dyrnar og fann fremur til forvitni en feimni eða vandræða.

Fyrir utan stóð þjónn í skrautlegum einkennisbúningi með silfurhnöppum með skjaldarmerki. En hann spurði ekki, hvaða hús þetta væri, heldur sneri sér við og opnaði vagndyrnar.

Þá rak Gilda upp undrunaróp, því að út steig draumavera í bláu silkitafti með yndislegt andlitið innrammað af hettu, sem skreytt var strútsfjöðrum í sama lit.

— Louise! hrópaði Gilda, en leiðrétti sig strax. — Heloise.

Þegar systir hennar fluttist til London, hafði hún breytt um nafn, því að hún taldi þetta vera óvenjulegra og tiginmannlegra. Hún hafði skrifað föður sínum, að framvegis vildi hún láta kalla sig Heloise.

— En hve ég er glöð að sjá þig, sagði Gilda. — En þú hefir ekki látið vita, að þú kæmir.

Heloise laut áfram svo að Gilda gæti kysst hana á kinnina.

— Ég vissi það ekki sjálf fyrr en á síðustu stundu, svaraði hún.

Hún sneri sér að þjóninum.

— Berðu töskuna mína upp á loft, James, sagði hún skipandi. — Og gættu þess að koma aftur á mánudagsmorguninn. Þið megið ekki koma of seint. Hefirðu skilið það?

— Það er skilið, ungfrú.

Hann tók að losa böndin, sem taskan var bundin með aftan á vagninn.

Áður en Gildu gæfist færi á að segja honum í hvaða herbergi hann ætti að fara með töskuna, sagði Heloise:

— Þar eð herbergi mömmu er það bezta, óska ég að sofa þar. Biddu einhvern að fylgja honum þangað.

— Já, auðvitað, sagði Gilda. — En frú Hewlett er ekki hér í dag.

— Þá verður þú sjálf að fylgja honum, sagði Heloise. — Og sjáðu um að hann losi ólina og opni lokið, áður en hann fer.

— Ég skal gera það, sagði Gilda.

Heloise gekk inn í dagstofuna, en Gilda beið í forstofunni, þar til James kom inn með tösku systurinnar.

Hún gekk á undan upp stigann og upp í herbergið, sem móðir hennar hafði alltaf notað, en það hafði verið lokað frá því að faðir hennar dó.

Það var hreint þar inni, því að frú Hewlett loftaði alltaf út úr öllum herbergjunum með vissu millibili, hvort sem þau voru í notkun eða ekki.

Teppi var breytt yfir rúmið og Gilda fjarlægði það, meðan þjónninn kom töskunni fyrir hjá dyrunum.

— Er í lagi að láta hana hérna, ungfrú? spurði hann.

— Já, þökk fyrir, svaraði Gilda og hugsaði, að ef Heloise líkaði það ekki, myndi hún færa hana.

Hún sá, að þjónninn litaðist um í herberginu með hálfgerðum fyrirlitningarsvip, eins og hann væri að athuga, hve allt var slitið og fátæklegt, og væri að bera það saman við heimilið, sem hann starfaði á.

En svo brosti hann óvænt við Gildu og sagði:

— Það er indælt að koma í sveitina, ungfrú. Ég ólst sjálfur upp á bóndabæ og ég sakna þess oft.

— Það er ég viss um, svaraði Gilda. — Það hlýtur að vera mjög heitt og rykugt í London á sumrin.

— Það er það og mjög forugt að vetrinum. Verið þér sælar, ungrú.

Hann brosti aftur, en hljóp svo niður stigann. Henni datt í hug, að Heloise kynni að þarfnast hennar, svo að hún flýtti sér einnig niður.

Þegar hún kom niður í forstofuna var vagninn þegar á leið burtu. Hún gekk inn í dagstofuna með áhyggjublik í bláum augunum.

— Það gleður mig ... mikið að sjá þig, elskan, sagði hún.
— En hvers vegna komstu?

Heloise hafði tekið af sér hettuna og Gilda sá, að hún var með bláan borða um höfuðið, en gullið hárið féll í frjálsum lokkum kringum ávalt ennið.

Það var jafn fallett og andlitið fyrir neðan og afar glæsilegt og sama mátti segja um hvíta músselínskjólinn með háu mitti og bláu borðana sem lágu í kross yfir brjóstið og hengu niður að aftan.

— Þú ert yndisleg að sjá ... blátt áfram yndisleg, sagði Gilda ósjálfrátt og Heloise brosti að gullhömrunum.

— Það gleður mig að þér finnst það og ástæðan fyrir því að ég er komin hingað, er sú að ég vil fá vissan aðila til að segja nákvæmlega þetta sama við mig.

Gilda horfði ringluð á hana og Heloise hélt áfram:

— Ég hljópst á brott — ég lét mig hverfa — en spurningin er, hvort hann muni hafa áhyggjur af því, hvað af mér hefir orðið?

Heloise sat á sóffanum og Gilda settist á móti henni á brúnina á hægindastól.

— Þú talar í gátum, sagði hún. — Skýrðu það betur ... segðu mér, hvað um er að vera.

Heloise hló við.

— Það er afar einfalt, sagði hún. — Ég er tilneydd að vekja áhuga ákveðins manns á mér og þetta var frumlegasta leiðin sem mér datt í hug.

— Ó, hvað það er spennandi, Heloise. Og hvað heldurðu að maðurinn muni gera, þegar hann uppgötvar að þú ert horfin?

— Það er einmitt spurningin, svaraði Heloise. — Hann átti að aka mér til Ranelagh síðdegis í dag. Ég átti að borða síðdegisverð á heimili hans í kvöld. Það er mikið síðdegisverðarboð og margir munu spyrja, hvers vegna ég sé þar ekki?

— Hefirðu sagt honum, að þú sért hér? spurði Gilda.

— Nei, auðvitað ekki. Hvernig geturðu spurt svona heimskulega? Ég hefi einfaldlega horfið út í bláinn.

— Ó, Heloise, mér finnst þú mjög hugrökk að gera þetta, sagði Gilda. — Heldurðu ekki að guðmóðir þín segi honum, hvert þú hefir farið?

— Ég tók ekki þá áhættu, að hann kynni að tæla hana til að segja sér heimilisfang þitt, svaraði Heloise. — Ég skildi eftir bréf, sem herberisþerna min mun lesa fyrir hana núna á eftir.

Gilda var ringluð á svip og Heloise sagði:

— Ó, ég gleymdi að segja þér það. Hennar náð er með augnsjúkdóm, sem hefir valdið því að hún er blind.

— Blind? sagði Gilda. — Það er hræðilegt. Hvað er að?

— Læknarnir, sem raunar eru algerir bjánar, álíta að aðeins sé um tímabundna blindu að ræða, sagði Heloise. — En hún er með bindi um augun, svo að það verður að lesa allt upphátt fyrir hana. Það er venjulega mitt hlutverk og það er hræðilega leiðinlegt.

— Mig tekur það sárt, hennar vegna.

— Geymdu samúð þína handa mér, ég þarfnast hennar, sagði Heloise. — Ó, Gilda, ég verð örvingluð ef þessi örvæntingarleikur minn ber ekki árangur.

— Ertu svo ... ástfangin af ... þessum manni? spurði Gilda.

— Ástfangin? endurtók Heloise. — Það kemur málinu sannarlega ekkert við. Umfram allt annað í lífinu hefi ég óskað að verða markgreifafrú af Staverton.

— Er það nafn mannsins, sem þú ert að fela þig fyrir? spurði Gilda.

— Já, auðvitað, svaraði Heloise. — Vertu ekki svona heimsk, Gilda. Reyndu að skilja, hvað um er að vera. Hann hefir snúizt í kringum mig á sinn hátt í mánuð. Ég hefi beðið og fyrir tveim vikum þóttist ég viss um, að hann ætlaði að biðja min, en ...

— Hvað gerðist? greip Gilda fram í.

— Hann sló mér gullhamra — hann sendi blóm — hann bauð mér í ökuferðir — hann hélt mér síðdegisveizlur.

Hún þagnaði, til að auka áhrifin.

— Hann hefir meira að segja tvisvar boðið mér upp í dans, og þig grunar ekki, hvílíkur heiður það var. Hann hatar að dansa og þá hélt ég sannarlega að ég væri búin að veiða hann — en nei, þau orð, sem ég vil heyra, hafa aldrei komið fram af vörum hans.

Gilda sló saman höndunum.

— Ó, Heloise, ég get vel skilið, hve mikil vonbrigði það hljóta að vera.

— Alveg einstök vonbrigði, samþykkti Heloise. — Ég á tugi aðdáenda, það á ég vissulega, en enginn þeirra stent samanburð við markgreifann.

— Segðu mér frá honum.

Heloise andvarpaði.

— Hann er einn af ríkustu mönnum í *Beau Monde*. Hann er náinn vinur prinsins af Wales. Hann er heimsmaður og spjátrungur, en kærir sig ekki um að maður segi það. Og eignir hans — Ó, Gilda, ég veit ekki hvar ég á að byrja á upptalningunni.

— Hvers vegna er hann þá ekki giftur?

— Þú getur spurt um það, svaraði Heloise. — Allar stúlkur í London liggja fyrir fótum hans, eða ef þær eru giftar, þá í faðmi hans.

Gilda var hneyksluð, en Heloise hló gleðisnautt.

— Hann er ekki svo heimskur að taka ógifta stúlku í faðminn, þar eð þá myndi faðir hennar fljótlega draga hann að altarinu.

Heloise sagði þetta hvasst og ónotalega, fannst Gildu.

— Ég býst við, sagði hún hikandi. — Að markgreifinn bíði eftir að verða ástfanginn ... og hann hlýtur að vera það ... af þér.

— Það hélt ég líka frá fyrstu stundu, svaraði Heloise. — En hann er lengi að tjá sig um það, alltof lengi, að mér finnst.

— Og nú, þegar þú ert horfin, gerir þú ráð fyrir að hann sjái, hve mikils virði þú ert honum?

— Þess vegna kom ég hingað, sagði Heloise. — Það er einmitt það, sem hann á að gera, fjandinn hafi það.

Gildu hnykkti við. Það var sérkennilegt og mjög óvænt að heyra systurina bölvva.

En hún var of gáfuð til að nefna það og sagði skömmu síðar:

— Það er mikil vanræksla hjá mér að ég hefi ekki spurt þig, hvort þú þurfir ekki hressingu eftir ferðina.

— Þegar þú nefnir það, svaraði Heloise. — Þá er ég þyrst. Er til vín á þessum ömurlega eyðistað?

Gilda varð undrandi á svip.

— Það er hugsanlegt að það sé til flaska af Bordeaux í kjallaranum. Ég hefi ekki komið þangað síðan pabbi dó.

— Nei, því get ég trúað, sagði Heloise. — Ég get ekki ímyndað mér að þú drekkir annað en mjólk eða vatn.

Það hljómaði ekki sem gullhamrar í munnni hennar og Gilda sagði:

— Ég á te, ef þú vilt það.

— Ég neyðist víst til þess, ef annað er ekki að hafa, svaraði Heloise. — En það er komið að hádegisverði. Áttu nokkuð almennilegt að borða?

Gilda hugsaði sig um í skyndi.

— Ég á egg, svo að ég gæti búið til eggjaköku handa þér, eða það er til söltuð skinka, sem frú Hewlett fékk frá syni sínum, sem býr á búgarði í nágrenninu.

Heloise fitjaði upp á nefið.

— Það hljómar ekki lystugt. Búðu heldur til eggjaköku. Ef ekki er annað, þá hefir vöxtur minn gott af að svelta.

Gilda svaraði því ekki. Þess í stað tók hún upp ferðakápu úr silki, sem Heloise hafði fleygt á stól, og bar hana fram á ganginn.

Hún hengdi hana í útskorinn eikarskáp, þar sem hengu tveir yfirfrakkar af föður hennar og heldur slitin kápa, sem hún notaði við garðyrkjustörfin.

Þegar hún hengdi upp kápu Heloise, fann hún ilm, sem hún var viss um að kæmi frá Paris.

Svo flýtti hún sér í eldhúsið og bjóst til að búa til eggjakökuna.

Það tók hana nokkra stund að kveikja upp í eldavélinni, svo að hún gæti sett upp vatn í teið og hitað pönnuna fyrir eggjakökuna.

Í búrinu voru egg, sem hún braut í skál og hugsaði um leið, að hún yrði að fara á búgarðinn og fá fleiri egg í kvöldverð Heloise og morgunverð næsta dag.

Hún var að hræra eggin, þegar Heloise kom fram í eldhúsið. Hún var svo yndisleg að Gilda gat aðeins starað á hana og hugsað, að með nýtízku hárgreiðslu sína og þessi bláu augu líktist hún gyðju vorsins.

— Þetta er sjálfu sér líkt, sagði Heloise lítilsvirðandi. — Ég var búin að gleyma, hve húsið er lítið og hrörlegt. Ég skil ekki, hvernig þú þolir við herna, Gilda.